

8. gr.

102

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum eða torgum, eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. 11. júlí

9. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

10. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, eftir tillögum hreppsnefndar, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari einstaka tilgreinda daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir félög, stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum, og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari, skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til að öðlast gildi 15. júlí 1942 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. júlí 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Bjarna Þorsteins-sonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 16. júlí 1942. 103

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Bjarna Þorsteinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bjarna Þorsteinssonar, og er stofnaður með frjálsum samskotum af vinum hans, samkvæmt sérstöku stofnskjali.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5925.00, og skal ávaxta sjóðinn á þann hátt, sem stjórn hans telur full tryggilegan.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja starfandi iðnaðarmenn í járníðnaði til utanfarar, í þeim tilgangi að afla sér frekari menntunar í iðn sinni.

103

16. júlí

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00 má verja allt að $\frac{1}{4}$ hlutum af vöxtum hans, enda leggist umfram vextir og aðrar tekjur sjóðsins við höfuðstólinn.

4. gr.

5. gr.

Deir ganga fyrir með styrk úr sjóðnum, sem lengst hafa starfað í iðn sinni, enda fylgi hverri umsókn meðmæli frá húsbændum umsækjanda, með rökstuðningi um gagnsemi utanfararinnar og yfirlýsingu um að ferðin sé fjárhagslega tryggð, að fenginni styrkveitingu.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal stjórnin hafa samið reikning hans fyrir síðastliðið ár, og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðara, er sjóðstjórnin nefnir til þess, til þriggja ára í senn.

Að lokinni endurskoðun skal birta reikninginn í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku gjöfum og áheitum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er þannig skipuð:

Meistarafélag járníðnaðarmanna í Reykjavík kýs einn mann, skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík kýs einn og atvinnumálaráðherra skal beðinn að skipa einn mann. Skulu þeir allir kosnir til þriggja ára, frá 28. apríl að telja.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Ef félagsskapur meistara í járníðnaði eða skólanefnd Iðnskólans verða lögð niður, skal fela atvinnumálaráðuneytinu að tilnefna mann eða menn í stjórn sjóðsins, svo að hún verði fullskipuð.

9. gr.

Sjóðurinn tekur þegar til starfa.

Reykjavík, 28. apríl 1939.

Í stjórn sjóðsins samkvæmt stofnskjali.

Ben. Gröndal.

Helgi H. Eiríksson.

Ásg. Þorsteinsson.

104

16. júlí

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóð Ólafsfjarðar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 16. júlí 1942. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjúkrasjóð Ólafsfjarðar.

1. gr.

Sjóðurinn hét áður Hjúkrunarsjóður Ólafsfjarðarhrepps. Hann er stofnaður af kvenfélaginu „Æskan“ í Ólafsfirði árið 1923 með 2000 króna gjöf. Eign sjóðsins nú er innstæða í Sparisjóði Ólafsfjarðar að upphæð kr. 6304.68.